

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 1. apríl 2025 í máli nr. 126/2024

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 22. september 2024 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu úr hendi varnaraðila að fjárhæð 75.000 krónur.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 2. október 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Var boð um aðild ítrekað með ábyrgðarbréfi, dags. 12. nóvember 2024 sem afhent var varnaraðila 2. janúar 2025. Andsvör bárust ekki frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru kvörtun, staðfesting á greiðslu, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila og umboð.

Með bréfi, dags. 31. mars 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls verður ráðið að sóknaraðili hafði samband við varnaraðila með tölvupósti í desember 2023 og óskaði eftir þjónustu hans við einkaakstur um [...] og nágrenni þann 15. júlí 2024. Varnaraðili féllst á að taka að sér hina umbeðnu þjónustu og upplýsti sóknaraðila um að kaupverð hennar væri 150.000 krónur. Óskaði varnaraðili eftir því að sóknaraðili myndi greiða staðfestingargjald að fjárhæð 75.000 krónur og skyldu eftirstöðvarnar síðan greiddar þann 15. júlí 2024. Millifærði sóknaraðili þá fjárhæð til varnaraðila þann 23. desember 2023. Með tölvupósti 29. júní 2024 staðfesti varnaraðili móttöku innborgunar sóknaraðila. Þann 14. júlí 2024 aflýsti varnaraðili ferðinni og kvað ástæðuna fyrir því vera bilun í bifreið sinni. Hefur sóknaraðili ítrekað óskað eftir endurgreiðslu staðfestingargjalds en án árangurs.

IV

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili bókaði akstur á vegum varnaraðila um [...] og nágrenni sem skyldi fara fram þann 15. júlí 2024. Greiddi sóknaraðili staðfestingargjald vegna þjónustunnar að fjárhæð 75.000 krónur þann 23. desember 2023. Varnaraðili aflýsti þjónustunni með tölvupósti þann 14. júlí 2024 og bar fyrir sig bilun í bifreið sinni. Óskaði sóknaraðili eftir endurgreiðslu staðfestingargjalds en varnaraðili hefur ekki enn orðið við því.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Skylda varnaraðila samkvæmt samningi aðila var að veita sóknaraðila þjónustu við akstur og skylda sóknaraðila var sú að greiða fyrir þjónustuna. Í málinu liggur fyrir að varnaraðili aflýsti sjálfur hinni umsömdu þjónustu degi áður en hún skyldi veitt en þann dag hafði sóknaraðili þegar greitt varnaraðila helming kaupverðs fyrir hana. Ekki verður ráðið af framlögðum gögnum að varnaraðili hafi kynnt skilmála um þjónustuna fyrir sóknaraðila við bókun á henni. Þá var slíka skilmála ekki að finna á vefsíðu varnaraðila við kaupin. Verður því ekki séð á hvaða grundvelli varnaraðili getur haldið eftir greiðslu að fjárhæð 75.000 krónur frá sóknaraðila, enda var þjónustan ekki veitt í samræmi við það sem samið var um. Með hliðsjón af framangreindu verður fallist á að varnaraðila beri að endurgreiða sóknaraðila 75.000 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, skal greiða sóknaraðila, X, 75.000 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson